

2

5. gr.

5. jan. Sameiginlegur kostnaður, sem tilheyrir fjárkaupunum og ekki greiðist úr ríkissjóði, skal jafnað niður á innkeypt fé. Annar kostnaður skiptist niður á hreppana í hlutfalli við fjártölu þeirra um áramót, áður en fjárskiptin fóru fram.

6. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjárjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjárjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 5. janúar 1948.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

3

## REGLUGERÐ

6. jan.

**um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkvæmt lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.**

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerð um innheimtu iðgjalda o. fl. samkvæmt lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, orðist svo:

1. Á árinu 1948 skulu iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. tryggingalaganna innheimt með vísitöluálagi, er miðast við 310 stig, og hafa iðgjöld samkvæmt 107. gr. samkvæmt því og með hliðsjón af 9. bráðabirgðaákvæði sömu laga verið ákveðin þannig fyrir árið 1948:

**Á I. verðlagssvæði:**

|                       |            |
|-----------------------|------------|
| Kvæntir karlar .....  | kr. 390.00 |
| Ókvæntir karlar ..... | — 350.00   |
| Ógiftar konur .....   | — 260.00   |

**Á II. verðlagssvæði:**

|                       |            |
|-----------------------|------------|
| Kvæntir karlar .....  | kr. 310.00 |
| Ókvæntir karlar ..... | — 280.00   |
| Ógiftar konur .....   | — 210.00   |

2. Árið 1948 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkvæmt 107. gr. tryggingalaganna, eins og þau eru ákveðin í næsta lið hér á undan, sem hér segir:

**Á I. verðlagssvæði:**

|                     |            |
|---------------------|------------|
| Karlar .....        | kr. 200.00 |
| Ógiftar konur ..... | — 150.00   |

**Á II. verðlagssvæði:**

|                     |            |
|---------------------|------------|
| Karlar .....        | kr. 150.00 |
| Ógiftar konur ..... | — 120.00   |

3. Þar til tryggingaskírteini fyrir árið 1948 hafa verið gefin út til afhendingar skal nota skírteini ársins 1947 og færa á þau iðgjaldagreiðslur. Þeir, sem orðið hafa

16 ára á árinu 1947 og enn eigi hafa innleyst tryggingaskirteini, skulu greiða skirteinagjald samkv. 127. gr. samtímis janúargreiðslu. 3  
6. Jan.

*Fjármálaráðuneytið, 6. janúar 1948.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Kjartan Ragnars.*

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Borgarneskauptún, nr. 12 20. febr. 1930. 4  
6. jan.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu framvegis hækka um 100%, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1948.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Jensínu Jensdóttur og Jóns Gabrielssonar frá Fjallaskaga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. janúar 1948. 5  
8. jan.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Jensínu Jensdóttur og Jóns Gabrielssonar frá Fjallaskaga.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 19. september 1946 af Óskari Jónssyni framkvæmdastjóra í Hafnarfirði, til minningar um foreldra hans Jensínu Jensdóttur — sem varð 90 ára þennan dag — og Jón Gabrielsson — sem andaðist 17. desember 1935 —. Þjuggu þau um langt skeið á Fjallaskaga í Mýrahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 4190.42 krónur — fjögur þúsund eitt hundrað og níutíu krónur og 42/100 —.

### 3. gr.

Markmið sjóðsins er að greiða fyrir stofnun og starfrækslu heimavistarbarnaskóla fyrir Mýrahrepp.